

Skotland við vatnaskil

Kjallari

Þorvaldur Gylfason
skólar



Þegar þetta er skrifað á fimmtudegi, stendur yfir söguleg þjóðaratkvæðagreiðsla í Skotlandi, þar sem Skotar ákveða, hvort þeir munu taka sér sjálfstæði eða ekki. Þjóðaratkvæðagreiðslan vekur athygli um allan heim. Kjörsókn er mikil. Skozki þjóðarflokkurinn hefur nú meiri hluta í skozka þinginu. Flokkurinn hefur lengi mælt fyrir stofnun sjálfstæðs ríkis í Skotlandi og var stofnaður um það stefnumið 1934.

Viðskipti og fríður

Málflutningur sjálfstæðissinna er reistur á tvennum höfudrökum. Viðskiptahagsmunum Skotlands er vel borgið innan ESB, segja þeir, og efnahagsþörfin, sem knúði okkur til aðildar að brezka konungdæminu 1707, er því úr sögunni. Þetta er þó ekki alveg rétt, þar eð England er langmikilvægasta viðskiptaland Skota eftir þeirri gömlu reglu, að þjóðir kjósa jafnan að skipta mest við næstu nágiranna sína. Stuðningurinn við sjálfstætt Skotland væri mun minni meðal kjósenda, væri Bretland ekki í ESB. Varnarhagsmunum Skotlands er einnig vel borgið, þar eð ESB tryggir fríð í álfunni. Þörfin fyrir aðild að konungdæminu til að halda friðinn milli Englands og Skotlands er einnig fortíðarmúsik. ESB er smárikjabandalag, segja Skotar: þar eru mörg smáríki innan um fáein stórríki, og það hentar okkur vel. Ætla má, að sjálfstætt Skotland sæki um aðild að NATO auk ESB eins og t.d. Eystrasaltslöndin og Austur-Evrópulöndin gerðu eftir hrun Sovétríkjanna og að umsóknum Skota verði vel tekið.

Ólíkar fyrirmyndir

Í annan stað segjast Skotar vera ólíkar



Englendingum að ýmsu leyti, þegar öllu er á botninn hvolft. Það er engin tilviljun, að íhaldsflokkurinn á bara einn skozkan þingmann í London, en skozkir þingmenn Verkamannaflokksins eru 41. Íhaldið á ekki upp á pallborðið í Skotlandi. Það er engin tilviljun, að skólagjöld eru yfirhöfuð ekki talin koma til greina í skozkum ríkisháskólum, ekki frekar en t.d. í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, en skólagjöld í ríkisháskólum eru nú alsíða á Englandi að bandarískri fyrirmynd. Skozkir sjálfstæðissinnar segjast vilja taka Ísland sér til fyrirmyndar við samningu nýrrar stjórnarskrár, enda trú þeir því ekki enn, að Alþingi sé alvara með því að ganga gegn niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar um stjórnarskrána 2012.

Skozkir sjálfstæðissinnar segja við Englendinga: Við kjósum að sækja okkur fyrirmyndir til Norðurlanda, en þið lítið heldur til Bandaríkjanna. Við skulum því skilja, og skilja í góðu, þar eð eitt er enn betra en gott hjónaband, og það er góður skilnaður. Ef við stofnum sjálfstætt ríki, segja Skotar við íhaldið, losnum við undan stjórn ykkar, og þið losnið

Urrið í Englendingum hlýtur að hjaðna og ólundin að minnka, ef Skotar kjósa sjálfstæði og Englendingar standa frammi fyrir orðnum hlut.

við okkur af þinginu í London og getið þá ráðskazt með ykkar kjósendur sunnan landamæra eins og ykkur lystir. Það verða að teljast góð skipti. Framkvæmdaatriði varðandi gjaldþyrsmál og skiptingu ríkiseigna og skulda og tekna af olíuauðnum hljótum við að geta leitt til lykta eins og síðuðu fólkí sáemir, segja Skotar. Englendingar urra á móti.

Sjálfum finnst mér sjálfstætt Skotland, kjósi Skotar það sjálfir, vera jafn sjálfsgagt og sjálfstætt Austurríki, og Þjóðverjar eru sama sinnis um Austurríki. Mér finnst sjálfstætt Skotland einnig vera jafn sjálfsgagt og sjálfstætt Taívan, en það finnst Kommúnistastjórninni í Kína að vísu ekki. Þar skilur milli feigs og ófeigs.

Fordæmi Dana

Urrið í Englendingum hlýtur að hjaðna og ólundin að minnka, ef Skotar kjósa sjálfstæði og Englendingar standa frammi fyrir orðnum hlut. ESB hlýtur að breiða út faðminn á móti Skotum eins og mörgum öðrum aðildarríkjum undangengin ár. Efnahagsafleiðingar stofnunar sjálfstæðs ríkis í Skotlandi þurfa ekki að valda áhyggjum, nema Englendingar ákveði að refsa Skotum og stofna til illinda, og því verður varla trúá á Englendinga að óreyndu.

Enskir íhaldsmenn þurfa að gangast við sínum hluta ábyrgðarinnar á þeirri stöðu, sem upp er komin. Þeir daðra opinskátt við þá hugmynd að leiða Bretland út úr ESB, m.a. af ótta við Brezka Sjálfstæðisflokkinn (UKIP), sem sækir í sig veðrið skv. skoðanakönnunum líkt og aðrir sláfir flokkar í Evrópu, þótt hann eigi ekki enn fulltrúa á þinginu í London. Skozkir þjóðemis- og sjálfstæðissinnar eru Evrópusinnar og mega ekki til þess hugsa að hrekjast úr ESB fyrir tilstilli Englendinga. Þeir líta margir á daður Englendinga við úr-sögn úr ESB sem sjálfstætt tilefni til stofnunar sjálfstæðs ríkis í Skotlandi til að geta haldið áfram veru sinni í ESB. Það lýsir tvískinnungi enskra íhaldsmanna, að þeir skuli mæla gegn sjálfstæðu Skotlandi um leið og þeir daðra við að draga Skota nauðuga út úr ESB.

Fari svo, að Skotar lýsi yfir sjálfstæði, ættu Englendingar að hugleiða að taka Dani sér til fyrirmyndar og þá m.a. drengilega framgöngu Dana gagnvart Íslendingum, þegar sjálfstætt ríki var stofnað á Íslandi 1944, án þess að hernuminn Danmörk fengi rönd við reist. Danska stjómin lét Íslendinga aldrei gjalda lýðveldisstofnunarinnar, heldur studdi hún Ísland áfram með ráðum og dáð og skilaði okkur m.a.s. handritunum aldarfjórðungi síðar. Drengskapur Dana í garð Íslands verður lengi í minnum hafður. ■